

Sýning um sjálfbæra þróun

Skólahópar velkomnir á sýningu um sjálfbæra þróun, engin aðgangseyrir og leiðsögn í boði.

Ágæti viðtakandi.

Laugardaginn 22. september verður opnuð sýning um sjálfbæra þróun í Gamla bókasafninu, menningarhúsi Hafnarfjarðar.

1. Markmiðið með sýningunni er að fræða um sjálfbæra þróun, hvers vegna sjálfbær þróun er mikilvæg sem framtíðarsýn og hvernig einstaklingar geta haft áhrif með grasrótastarfi í samfélaginu. Sjálfbær þróun er hugtak sem fyrst er skilgreint í skýrslu Brundtland nefndarinnar árið 1987. Margar skilgreiningar eru á sjálfbærri þróun en í meginatriðum stendur hugtakið fyrir þá hugsun að ekki sé gengið um of á auðlindir okkar, þannig að þær kynslóðir sem koma á eftir geti notið þeirra einnig.

Tilgangur sýningarinnar er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar. Markmiðið er að kenna fólki, sérstaklega ungu fólki, hvað það getur lagt að mörkum til þess að skapa betri og umhverfisvænni heim. Markmiðið er einnig að vekja athygli á því að fólk um allan heim hefur gríðarlega möguleika og tækifæri sem einstaklingar til hafa áhrif á þróunina og framtíðina, til að vinna að betri heimi, sama hvar þeir búa á jörðinni. Til að draga það fram eru sagðar dæmisögur af þremur mismunandi þróunarverkefnum sem öll voru sett á laggirnar af venjulegum einstaklingum sem búa á þeim svæðum sem um ræðir og áttuðu sig á því að eitthvað varð að breytast. Verkefni hafa leitt til umtalsvert betri lífsgæða í þessum samfélögum en þau hafa líka undið uppá sig og hafa nú áhrif á heimsvísu.

Sýningin er byggð á hugmyndum Sáttmála jarðar sem var saminn af nefnd skipaðri af Sameinuðu þjóðunum. Venjulegt fólk frá öllum heimshornum og öllum stigum þjóðfélagsins lagði sitt að mörkum til þess að semja sáttmála sem byggir á þeim grundvallaratriðum sem einstaklingar, fyrirtæki og þjóðir þurfa að tileinka sér til þess að hægt sé að skapa heim sem byggir á sjálfbærri þróun, umhverfisvernd og félagslegu réttlæti. Sáttmáli Jarðar hefur verið þýddur á íslensku og hann má finna á þessari vefslóð

http://www.simnet.is/meistarar/Library/Earth_Charter_isl_FINAL.pdf

2. Sýningin er til húsa í Gamla bókasafninu (Mjósundi 10), menningarhúsi unga fólksins í Hafnarfirði. Forseti Íslands mun opna sýninguna laugardaginn 22. september og verður hún opin til sunnudagsins 7. október. Sýningin er öllum opin og almennur opnunartími er kl. 14-18 alla daga. Skólahópar eru sérstaklega boðnir velkomnir en efnið hæfir efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Skólahóparnir geta komið frá 9-12 á virkum dögum og fá þá leiðsögn um sýninguna, en leiðbeinendurnir eru allt reyndir kennarar. Nauðsynlegt er að semja fyrirfram um tíma fyrir hvern hóp og er símanúmer fyrir pöntunarsíma **857-5732**. Eygló Jónsdóttir mun svara í hann til að byrja með. Leiðbeinendur eru:

- Eygló Jónsdóttir, framhaldsskólakennari við Flensborg.
- Ágústa Stefánsdóttir, framhaldsskólakennari Menntaskólinn við Sund.
- Eyrun Ósk Jónsdóttir, leiklistakennari Flensborg.
- Ásta Sighvatsdóttir, leiklistakennari Iðnskólinn Hafnarfirði.
- Sjöfn Jónsdóttir, íþróttakennari Björk.

- Steinunn Geirdal, leikskólastjóri.
- Guðrún Erla Ólafsdóttir, kennari í fjölmiðlafræðum.

Sýningin er samstarfsverkefni sáttmála Jarðar (Earth charter), Mennta og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og alþjóðafélags Soka Gakkai. Íslandsdeild Soka Gakkai hefur haft veg og vanda af þýðingu sýningarinnar og uppsetningu hér á landi. Samstarfsaðilar eru Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar, Staðardagskrá 21 í Hafnarfirði og Gamla bókasafnið, menningarhúsi unga fólksins í Hafnarfirði. Verkefnið hefur hlotið styrk frá minningarsjóði Margrétar og Hafnarfjarðarbæ.

3. Allir grunnskólar í Hafnarfirði hafa fengið gefins eintak af myndinni “Hljóðláta byltingin – a quiet revolution”

Fræðslumyndin *Þöglu bylting* - A Quiet Revolution (25 mín)

Fræðslumyndin *Þöglu byltingin* (A Quiet Revolution) segir frá verkefnum þremur sem kynnt eru á sýningunni og einstaklingunum að baki þeim. Þeim líkaði ekki þróun umhverfisins í nágrenni við samfélag sín og ákváðu að breytinga væri þörf. Þau ýttu því af stað verkefnum sem hafa breytt lífsgæðum í samfélögunum. Verkefnið hafa svo öll undið uppá sig og hafa nú haft áhrif á heimsvísu. Allt eru þetta venjulegir einstaklingar sem hafa sýnt fram á að hugmynd, elja og dugnaður er oft það eina sem þarf til að skipta sköpum. Einn þeirra er Wangari Maathai handhafa friðarverðlauna Nóbels.

Markmiðið með myndinni er að kenna fólki, sérstaklega ungu fólki, hvað það getur lagt að mörkum til þess að skapa betri, friðsælli og umhverfisvænni heim. Um leið er verið að sýna fram á mátt og megin einstaklingsins og hvetja fólk til framkvæmda á sviði umhverfisverndar. Við, hvert og eitt okkar, höfum gríðarlega möguleika og tækifæri til áhrifa í vinnu að sjálfbærri þróun og betri heimi.

Myndin á rætur að rekja til heimsráðstefnu um umhverfi og sjálfbæra þróun í Jóhannesborg árið 2002. Hún er framléidd af The Earth Council í samvinnu við Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og styrkt af Soka Gakkai International (SGI). Hún er jafnframt framlag UNDP, UNEP, Earth Council, Earth Charter Initiative og SGI til verkefnis Mennta- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um áratug menntunar um sjálfbæra þróun (decade for education on sustainable development 2005-2014).

Með bestu kveðjum,

Guðjón Ingi Eggertsson, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla